

Námsvísar - 3. bekkur

2019-2020

Íslenska

Talað mál, hlustun og áhorf:

- Fá æfingu í framsögn, geti endursagt sögur og leiki fyrir hóp.
- Geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Fá æfingu í að hlusta og horfa á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Fá æfingu í að eiga góð samskipti, hlusta og sýna kurteisi.
- Noti talað mál og hlustun

Lestur og bókmenntir:

- Auki leshraða sinn og efli lesskilning.
- Þjálfist í að velja lesefni eftir áhuga og þörf.
- Þjálfist í hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Geti beitt algengum hugtökum í bragfræði s.s. rími, kvæði, vísa og ljóðlína.

Ritun:

- Fá æfingu í að skrifa skýrt og læsilega.
- Þjálfist í að skrifa sögu með einfaldri atburðarás með upphafi, miðju og endi.
- Þjálfist í notkun einfaldra stafsetningareglna og nýti sér tiltæk hjálpargögn.
- Þjálfist í ritun á tölvu og einföldum aðgerðum í ritvinnslu.

Málfræði

- Geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Þekki hlutverk sagnorða og lýsingarorða og geti greint þau í léttari texta.
- Þekki hlutverk nafnorða og kynnist beygingu þeirra, kyni og tölu.
- Geti búið til málsgreinar og greint þær í texta.
- Geti leikið sér með orð og merkingu, t.d. með því að ríma og fara í orðaleiki.

Kennsluhættir

Megin áhersla lögð á að nemendur nái góðum tókum á lestri og læri að lesa sér til gagns og ánægju. Nemendur eiga að lesa minnst 5x heima yfir vikuna og lögð er áhersla á ýmisskonar

orðavinnu í tengslum við heimalesturinn. Nemendur skrifa sögur frá eigin brjósti og eftir gefinni forskrift. Lögð er áhersla á framsögn og tjáningu nemenda. Stafsetning og málfræði er kennd með innlögnum og æfð með skriflegum æfingum og verkefnum. Einnig er kennt í gegnum leik og spil.

Námsefni

Skrift 3 og 4. Ritrún 3 ásamt verkefnaheftum af Skólavefnum, 123skoli.is og gagnvirkum tölvuforritum.

Námsmat

Reglulega yfir skólaárið eru lögð fyrir ýmis matsatriði yfir námsframvindu nemandans. Sérstaklega er fylgst vel með lestrinum og lesskilningi.

Stærðfræði

Spurt og svarað með stærðfræði

Markmið að nemandi:

- Lesi texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað það fjallar.
- Útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni.
- Geti beitt skipulögðum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Markmið að nemandi:

- Noti vasareikni til að sjá hvernig tölur breytast.
- Sýni skilning á notkun talna og aðgerðamerkja.
- Þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Markmið að nemandi:

- Kynnist því að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Nýti sér stærðfræði í daglegu lífi.
- Nýti sér einföld stærðfræðihugtök t.d. í verkefnavinnu og í tali.

Tölur og reikningur

Markmið að nemandi:

- Noti náttúrulegar tölur frá 0 og upp í 1000.
- Reikni með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- Þjálfist í að nota þekkingu sína og skilning á tölum við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
- Þjálfist í einföldum brotum og hlutföllum og hvernig þau eru notuð í daglegu lífi.

Algebra

Markmið að nemandi:

- Skoði og myndi talnamynstur.
- Æfi talnarunur og mynstur, t.d. með því að telja 2,4,6 eða með því að nota t.d. líkön eða hluti.
- Þjálfist í að finna lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar.

Rúmfræði og mælingar

Markmið að nemandi:

- Geti framkvæmt einfaldar mælingar
- Skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi.
- Þjálfist í notkun ólíkra mælieininga t.d. með því að mæla, lengd, hitastig, rými, þyngd og tíma.
- Þjálfist í að spegla og hliðra flatarmyndum sem þekja flötinn.

Tölfræði og líkindi

Markmið að nemandi:

- Geri töflur og einföld súlurit um eitthvað sem tengist daglegu lífi.
- Geti talið, flokkað og skráð niðurstöður.
- Ræði um niðurstöður útreikninga súlurita.

Kennsluhættir

Námsbækur eru lagðar til grundvallar ásamt verklegri kennslu sem og útikennslu. Ýmis verkefni unnin í tölum s.s. stærðfræðileikir á nams.is og skólavefurinn.is.

Námsefni

Sproti 3a og 3b nemendabækur og æfingahefti. Við stefnum á margföldun. Einnig voru notuð ýmis ítarefni varðandi ákveðna þætti stærðfræðinnar.

Námsmat

Eftir hvern kafla eru lagðar fyrir kannanir og byggir lokamat á þeim könnunum.

Enska

Hæfniviðmið

- Segja frá og lýsa sjálfum sér í einföldu samtali.
- Geta hlustað og skilið einfalt mál er varðar nánasta umhverfi.
- Geta tekið þátt í samskiptaleikjum.
- Geta lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt.
- Geti skrifað orð og stuttar setningar við myndir.
- Þekki litina og tölustafi frá 0 - 20.
- Þekki líkamsheiti, fataheiti, fjölskylduheiti o.s.frv.
- Þjálfist í að hlusta á fyrirmæli.

Kennsluhættir

Lögð er áhersla á orðaforða og að geta tjáð sig á einfaldan hátt. Í tímum er unnið með munnlegar æfingar og hlustun. Einnig voru notuð spil og leikir.

Námsefni

Work out vinnubók.

Námsmat

Námsmat byggðist á frammistöðu í tímum og virkni nemanda.

Þema 3.bekkur

Í 3. bekk eru tekin fyrir þemu sem taka mislangan tíma eftir umfangi. Miðað er við að tekin séu 2 - 3 þemu fyrir áramót og 3 - 4 eftir áramót.

Náttúran og tíminn

Markmið

Að nemandi

- þekki helstu veðurtákn
- fái aukinn áhuga á umhverfinu
- þekki helstu trjátegundir átti sig á árstíðabundnum breytingum á náttúrunni
- kynnist höfuðáttunum
- læri betur á klukku og tímatöflur
- átti sig á tímatali m.a. vikum, mánuðum og ári
- þekki heiti vikudaga og mánuða

Kennsluhættir

Við munum skoða náttúruna í nánasta umhverfi og fylgjast með breytingum sem verða á henni þegar kólna tekur. Við munum markvisst æfa okkur með klukkuna og velta fyrir okkur tímanum. Við ætlum að fara í vettvangsferðir sem tengjast þemanu. Við munum spila klukkubíngó, vinna spæjarabók, búa til bókamerki ásamt hringlaga vinnubók og æfa daga og mánuði.

Námsefni

Komdu og skoðaðu náttúruna, verkefni af skólavef og frá kennara.

Námsmat

Spæjarabók metin. Kennaramat byggt á lykilhæfni nemenda.

Astrid Lindgren

Markmið

Að nemandi:

- Fræðist um rithöfundinn og sögurnar hennar
- Fræðist um bókagerð og að lesa sögur og segja frá.
 - Að nemandinn taki þátt í sýningunni og vinna með hópnum að settu markmiði.
 - Læri að vinna í hóp og vinna með öðrum

Við munum lesa bækur eftir Astrid Lindgren og lögð verður áhersla á lestur og rithöfundastarfið.

Meginverkefni þemans verður svo leiksýning sem sett verður upp fyrir foreldra og nemendur í Sjúalandsskóla.

Námsefni

Fræðsluefni um Astrid Lindgren og bækurnar hennar, fengið af bókasafninu og internetinu.

Námsmat

Kennaramat á virkni nemenda byggt á lykilhæfni nemenda.

Afríka

Markmið

Að nemandi:

- Að vekja áhuga nemenda á Afríku
- Að nemendur hlusti á lesinn texta
- Að nemendur átti sig á ólíkum menningarsvæðum í Afríku.
- Að nemendur geti aflað sér upplýsinga úr bókum og af netinu.
- Að nemendur kynnist afrískri tónlist, hlusti á hana, syngi, spili og dansi við hana.
- Að nemendur þjálfist í að vinna í hóp
- Að nemendur þekki grunnformin og geti beitt þeim í myndgerð

Kennsluhættir

Myndbönd skoðuð á netinu um Afríku. Nemendur kynna sér lönd í Afríku, velja sér eitt land og vinna veggspjald út frá því. Nemendur kynna afurðina í lokin fyrir framan samnemendur sína. Fræðsla frá Rauða krossinum. Matarmenning Afríku könnuð.

Námsefni

Veraldarvefurinn. Fræðslumynd af heimasíðu Námsgagnastofnunnar: The gods must be crazy.

Námsmat

Sjálfsmat í lok þemavinnu og lykilhæfni nemenda.

Ísland

Markmið

Að nemandi:

- Geti nýtt sér heimildir til upplýsingaröflunar.
- Þjálfist í að lesa úr skýringarmyndum og kortum.
- Geti tjáð sig frammi fyrir hópi.
- Þjálfist í hópavinnu.
- Læri að þekkja helstu staði, fjöll, jökla, vötn, fossa og eyjar.
- Þekki þjóðgarða Íslands.
- Þekki höfuðáttirnar fjórar.
- Geti gefið upplýsingar um staðsetningu staða á landakorti.
- Átti sig á muninum á láglandi og hálendi.
- Þekki hugtakið þéttbýli, dreifbýli.
- Þekki forseta lýðveldisins.
- Þekki helstu landsnámsmenn.
- Þekki þjóðfánann og viti hvað litirnir í honum tákna.

- Þekki skjaldamerkið og þjóðsögu því tengdu.

- Læri nokkur ættjarðarlög

- Læri á hnitakerfi

Kennsluhættir

Nemendur fá fræðslu í krók og vinna verkefni út frá þeim umræðum í harmonikubók. Farið verður í vettvangsferðir þar sem nemendur dýpka þekkingu sína í þemanu.

Námsefni

Spurningaspilið Ísland, landakort, landakortabók, Kostuleg kort og gröf, Komdu og skoðaðu land og þjóð, Komdu og skoðaðu landakort, Komdu og skoðaðu eldfjöll og Ísland landið okkar.

Námsmat

Kennaramat á vinnubók.

Húsdýr

Markmið

Að nemandi:

- fái áhuga á íslensku húsdýrunum
- þekki einkenni húsdýra, lifnaðarhætti þeirra og afurðir.
- hlusti á lesinn texta.
- auki orðaforða sinn.
- horfi á fræðslu og skemmtiefni tengt húsdýrum.
- þjálfist í að vinna í hóp

Kennsluhættir

Nemendur fræðast um íslensku húsdýrin, heiti, afurðir og lifnaðarhætti. Vettvangsferðir í tengslum við þemað.

Námsefni

Hani, krummi, hundur, svín eftir Sigrúnu Helgadóttur.

Námsmat

Verkefnahefti sem unnið var í þemanu var metið ásamt virkni og áhuga í tímum.

Tölvur

Hæfniviðmið

- Að nemendur læri að vinna rétt við tölvur og noti rétta fingrasetningu.
- Að nemendur læri að nýta forrit, t.d. Word og Power point.
- Að nemendur þekki öryggisreglur á netinu og hvað ber að varast á netinu.
- Að nemendur kunni að leita að upplýsingum til að nýta í verkefnavinnu.
- Að nemendur geti unnið skipulega, bæði sjálfstætt og með öðrum, og prófi sig áfram í forritum undir leiðsögn.
- Að nemendur geti tekið þátt í samvinnuverkefni undir leiðsögn.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla og sýnikennsla. Unnið ýmsst á ipada eða í tölvum.

Námsefni

Heimasíða SAFT og fleiri heimasíður og forrit (t.d. Word, Power Piont, Imovie og Sphero).

Námsmat

Virkni, þátttaka og vinnusemi í tímum, auk verkefna.

Skólasund

Markmið

- Að nemendum líði vel í vatni og öðlist öryggi í því í gegnum æfingar og leiki.
- Að nemendur fái frekari kennslu í sunnaðferðunum fjórum: bringu-, skólabak-, baksundi og skriðsundi.
- Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars.
- Að nemendur læri og tileinki sér þær reglur sem gilda fyrir, eftir og í sundtímanum.
- Að nemendur fari eftir þeim öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sem gilda á sundstað.

Að nemendur geti velt sér af kvið á bak og öfugt.

- Að nemendur geti tileinkað sér einföld hugtök sem tengjast sundi og líkamlegri áreynslu.
- Að nemendur geti farið eftir reglum í leikjum og geti tekist á við sigra og töp.

Kennsluhættir

Leiðarljós sundkennslu í Sjálandsskóla er að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi og sundiðkun og geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni.

Nemendur læra mikið í gegnum leiki og æfingar. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun og samvinnu. Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Kennsluaðstaða / áhöld

Sundið er kennt í 12,5 m innisundlaug í Sjálandsskóla. Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, sundnúðlur, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki. Tölva, skjávarpi og tónlistagræjur.

Námsmat

Í júní fá nemendur birt námsmat í Námfús.

Eftirfarandi atriði sem varða hæfniviðmið í líkamsvitund, leikni og afkastagetu eru metin í 3. bekk:

- 12,5 m bringusund
- 12,5 m skólabaksund með eða án hjálpartækja
- 12,5 m skriðsund
- 12,5 m baksund
- Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.
- 10m flugsundsfótatök með froskalöppum.
- Stunga úr kropstöðu

Heimavinna

Þeir sem þurfa meiri æfingu í sundi fá leiðbeiningar um það eða ráðleggingar um að fara á sundnámskeið

Skólaíþróttir

Markmið

- Að kynna nemendum fyrir hollri og góðri hreyfingu.
- Að auka þol, áræðni, þrek og styrk.
- Að nemendur vinni saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars.
- Að nemendur læri að fara eftir reglum sem gilda í íþróttum.
- Að nemendur fari eftir fyrirmælum.
- Að nemendur fái æfingu í að skipta um föt, fara í íþróttaföt fyrir tíma og aftur í fötin sín eftir tíma án aðstoðar.

Tímafjöldi

1 tími á viku/60 mínútur á viku

Kennsluhættir

Kennslan fer fram m.a. í formi samvirks náms, stöðvaþjálfunar, hreyfistöðva, þrautabrauta, hlaupaleikja, boltaleikja, íþróttagreina, dans og hreyfitjáningar. Farið er eftir markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 1999. Skíðaferð einu sinni á ári.

Áhöld og kennsluaðstaða

Nýtt eru öll þau tæki (inni og úti) sem eru til í skólanum og á skólalóðinni. Á haustin er kennt sem mest úti og farið inn þegar veður fer að versna. Eftir páskafrí færist kennslan að metu út. Innitímarnir fara fram í íþróttahúsinu í Sjálandsskóla.

Námsmat

Stöðvaþjálfun

Útihlaup á tíma

Prófað úr ýmsum íþróttagreinum

Staðlað hlaupa þolpróf (6 mín hlaup)

Samvinna

Fara eftir reglum í leikjum

Hegðun

Sjálfsmat nemenda hvernig þeim líkar í íþróttatímum.

Heimavinna

Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að framkvæma ákveðna hluti þá er haft samband við foreldra og sameiginleg lausn fundin á málinu.

Áhöld/kennsluaðstaða

Nýtt eru öll þau áhöld/tæki (inni og úti) sem eru til í skólanum og á skólalóðinni. Á haustin er kennt sem mest úti og farið inn þegar veður fer að versna. Eftir páskafrí færist kennslan að mestu út.

Innitímarnir fara fram í íþróttahúsinu í Sjúlandsskóla.

Námsmat

Stöðvaþjálfun

Útihlaup á tíma

Prófað úr ýmsum íþróttagreinum

Píptest – staðlað hlaupa þolpróf

Samvinna

Fara eftir reglum í leikjum

Hegðun

Sjálfsmat nemenda hvernig þeim líkar í íþróttatímum.

Heimavinna

Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að framkvæma ákveðna hluti þá er haft samband við foreldra og sameiginleg lausn fundin á málinu.

Námsvísir 3.bekkur- myndmennt

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- gengið frá eftir vinnu sína
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru yfirleitt kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum. Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og eflri sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið. Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

Tímafjöldi:

Kennt er tvisvar í viku, nemendur fá eina lotu í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnun er skipt í þrjá minni hópa, 12-13 nemendur í hóp.

Námsvísir 3.bekkur- smíði

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit
- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til þess að útskýra hugmyndir sínar
- gengið vel um smíðastofuna, verkefnin sín og annarra
- unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru yfirleitt kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum. Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið. Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

Tímafjöldi:

Kennt er einn tíma í viku, nemendur fara í eina lotu í smíði og eina lotu í

leikmyndagerð fyrir jól. Eftir jól er ein lota í smíði og ein í öðru uppbroti tengt þema. Hópnum er skipt í tvo hópa, 12 nemendur í hóp.

Textílmennt - 3. bekkur

Hæfni

Að nemendur geti:

- saumað einfalt verkefni í saumavél
- saumað aftursting, krosssaum og tunguspor
- þæft ull
- fylgt einföldum vinnuleiðbeiningum
- notað eigin hugmyndir í útfærslur á verkefnum
- notað hugtök og heiti sem tengjast greininni
- notað fjölbreyttar mælieiningar

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru gjarnan kynnt nemendum með sögum og/eða myndum, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Markmið verkefna eru skýr í upphafi og tengjast hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Kennarinn varðar leið nemenda og leiðbeinir þeim áfram í sinni vinnu. Megin áhersla er á verkferlið og þá hæfni sem nemendur öðlast. Námsmatið er á 6 bila kvarða og skráð í Námfús í lok hverrar lotu. Að vori er námsmatið tekið saman og gefin lokaekun.

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnum er skipt í 4 minni hópa, um 12 nemendur í hóp.

Hæfniviðmið í 3. - 4. bekk

- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- Getur unnið úr nokkrum gerðum textílefna

- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- Getur tjáð hugmyndir sínar með einföldum skissum
- Getur sagt frá nokkrum tegundum textílefna
- Getur notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
- Getur skreytt textílvinnu á einfaldan hátt

Tónmennt í 3. bekk

Hæfniviðmið

Að nemandinn geti:

- þekkt útlit og hljóð hljóðfæra tónmenntastofunnar, helstu hljóðfæra sífóníuhljómsveitar og geti flokkað þau í undirflokk
- sungið í hópi með skýrum framburði fjölbreytt sönglög og þulur
- rappað einfaldan texta
- greint á milli helstu söngradda s.s. sópran, alt, tenór og bassa
- sungið eða leikið á skólahljóðfæri eftir einföldum styrkleikamerkjum og notað við eigin útsetningar
- leikið einfalt þrástef
- skráð og leikið einfalda laglínu og hrynnótur
- flutt einfalt stef eftir heyrn
- leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- skapað og flutt eigið tónverk/hljóðverk og notað einföld nótnagildi við að skrá það
- spunnið einfaldan spuna á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- skráð eigin tónsköpun með grafískri nótnaskrift
- útskýrt nokkur einkenni afrískrar tónlistar og geti sungið og leikið nokkur afrísk lög á skólahljóðfæri
- nafngreint nokkur tónverk og höfunda þeirra
- rætt um og metið eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun
- notað spjaldtölvu og tónlistaröpp til tónsköpunar

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri fjölbreytt sönglög og þulur í tengslum við morgunsönginn. Hlustun er þjálfuð hjá nemendum með því að hlusta eftir fyrirfram ákveðnum þáttum eins og hraða, styrk, takti, hljóðfærum eða röddum. Unnið er með hrynnótum með ýmskonar hreyfileikjum og beinni hljóðfæravinnu. Mikið er unnið með spuna þar sem nemendur fá að spynna frjálst yfir undirspil á sílafón eða annað skólahljóðfæri. Nemendur skapa fjölbreytt tón- og hljóðverk og nota til þess ólíkar

aðferðir og bæði hefðbundna og óhefðbundna skráningu. Nemendur nota spjaldtölvur og tónlistaröpp til tónsköpunar og hljóðvinnslu. Tónmennt tengist mikið þeim þeim sem nemendur eru í hverju sinni hjá umsjónarkennurum og er unnið markvisst með hæfniviðmið tónmenntar í tengslum við þemun.

Leiðbeinandi kennsluhættir henta mjög vel við tónmenntakennslu og eru nýttir til að hjálpa nemendum að átta sig á markmiðum og eigin stöðu hverju sinni.

Námsgögn

- skólahljóðfæri og aðrir hljóðgjafar s.s. líkaminn og hlutir úr náttúrunni
- námsefnið: Tónlist og Afríka
- námsefnið: Það var lagið
- námsefnið: Tónmennt 3. hefti
- námsefnið: Hring eftir hring
- myndbönd
- geisladiskar og tónlist af netinu
- einfaldar hljóðfæraútsetningar
- spjaldtölvur og tónlistaröpp
- annað námsefni útbúið af kennara

Námsmat

Nám nemenda er metið með símati, frammistöðumati, skriflegum könnunum og verkefnum auk sjálfsmats. Video- og hljóðupptökur eru reglulega gerðar til að fylgjast með framförum og getu nemenda í söng og hljóðfæravinnu. Tónsköpun og spuni nemenda eru tekin upp og metin.

Þekkingaratriði eru metin með skriflegum könnunum og verkefnum unnum í tímum. Tvisvar á vetri fá nemendur afhent námsmat í tónmennt þar sem hæfniviðmiðin eru útlustuð með eftirfarandi skala:

- A Framúrskarandi hæfni
- B + Mjög góð hæfni
- B Góð hæfni
- C + Nokkuð góð hæfni
- C Sæmileg hæfni
- D Ófullnægjandi hæfni

